

Stjórnarfundur ÍBA

Afmælisfundur haldinn á Vita e Bella, 20. desember 2012 kl. 12.00



Fundinn sátu: Pröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Margrét Ólafsdóttir, Magnús Gauti Gautason, Hörður Sigurharðarson, Áslaug Kristjánsdóttir, Ármann Ketilsson og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri.

Gestir fundarins voru frá Íþróttaráði Akureyrarbæjar Tryggvi Gunnarsson og Nói Björnsson og Íþróttafulltrúi Akureyrarbæjar Ellert Örn Erlingsson.

Pröstur setti fundinn og bauð gestina velkomna.

Hann fór síðan yfir helstu mál sem eru á döfinni hjá ÍBA og umræður fóru fram um þau.

Skrásetning á sögu Akureyrar hefur verið í undirbúningi um nokkurt skeið. Hugmynd er að hún verði skrásett af Jóni Hjaltasyni og aðrir í nefndinni verði Hermann Sigtryggsson og Haraldur Sigurðsson. Búið er að sækja um styrki en þeir ekki fengist. Nú er stefnt að því að fara aftur af stað og hafa útgáfuna tengda 70 ára afmæli ÍBA á árinu 2014. Rædd var möguleg aðkoma Akureyrarbæjar og nefndur var möguleiki á magnkaupum af bókum (til gjafa). Einnig var nefnt að fordæmi er einnig fyrir að selja svona bækur fyrirfram í áskrift.

Sögusafn íþróttar hefur einnig verið í umræðunni en ekki komist í framkvæmd. Áhugi er fyrir hendi um málið og möguleg tenging við safn hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Ekki er skipulega haldið utanum muni í dag en sambærileg söfn eru til á Akranesi og á Siglufirði.

Fundarmenn lýstu ánægju var með málþingið sem ÍBA hélt og fram kom að stefnt er að því að hafa slíkt árlega hér eftir um mismunandi málefni.

Pröstur sagði frá hugmyndum um að haldin yrðu unglíngamót fyrir ákveðinn aldurshóp t.d. 15-16 ára í samstarfi við vinabæi Akureyrarbæjar með keppni í 3-4 íþróttagreinum. Tryggvi sagði Sigríði Stefánsdóttur hafa haft með tengslin við vinabæina að gera og eðlilegt að kynna hugmyndina fyrir henni.

Fyrir liggur að taka ákvörðun um að þátttaka Akureyringa í unglíngalandsmótum verði undir merkjum ÍBA. Litið er til þess að það gæti mögulega gefið fleirum tækifæri að vera með. Einnig er rætt um aðkomu að því að halda Unglíngalandsmót á Akureyri 2015. Ómar Bragi framkvæmdastjóri mótanna er væntanlegur á fyrsta fund stjórnar ÍBA í janúar til að miðla upplýsingum.

Ellert nefndi erindi um Hreyfidaga, kynningu á hreyfingu, hollustu ofl. sem spurning er um að ÍBA komi að. Ákveðið var að taka málið til nánari umræðu síðar.

Að lokum kom fram að Íþróttafélagið Þór verður 100 ára árið 2015.

Gestunum var þakkað fyrir samstarfið á árinu með ósk um áframhaldandi gott samstarf.

Fundi var slitið kl. 13.15

Margrét Ólafsdóttir, ritari